

ÍL - sjóður

Fundargerð fundar skuldabréfaeigenda - HFF150434 þann 10. apríl 2025

Þann 10. apríl 2025 kl. 16:00 var haldinn fundur skuldabréfaeigenda vegna skuldabréfa í flokki HFF150434 („fundurinn“). Fundurinn var haldinn á Hótel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Viðar Lúðvíksson hrl., sem hafði verið tilnefndur sem fundarstjóri af útgefanda á grundvelli 7. gr. í Viðauka G við umsýslusamninginn, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Fundarstjóri innti fundargesti eftir því hvort einhver gerði athugasemdir við tilnefningu hans. Engar athugasemdir voru gerðar við tilnefningu hans sem fundarstjóra. Fundarstjóri gerði tillögu um að Sigurgeir Valsson lögmaður yrði kjörinn fundarritari. Fundarstjóri innti fundargesti eftir því hvort þeir hefðu aðrar tillögur að ritara fundarins eða hvort þeir hefðu athugasemdir við tilnefningu fundarritara. Engar aðrar tillögur eða athugasemdir voru gerðar. Sigurgeir var í framhaldi af því kosinn fundarritari með handauppréttingu með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri gerði því næst grein fyrir starfsmönnum fundarins, auk fundarstjóra og fundarritara, en Sara B. Þórsdóttir lögfræðingur og Selma Filippusdóttir frá Íslandsbanka, sem er umsýsluaðili skuldabréfanna, yrðu fundarstjóra og fundarritara til aðstoðar. Engar athugasemdir voru gerðar þar við.

Auk þeirra voru viðstödd fundinn Katrín Oddsdóttir og Jón Gunnar Vilhelmsson fulltrúar útgefanda. Einnig sátu fundinn Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir fjárhagslegur ráðgjafi útgefanda, og Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður og lögfræðilegur ráðgjafi útgefanda.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Fundarstjóri upplýsti að boðað hefði verið til fundarins af hálfu útgefanda með auglýsingu í kauphöll þann 11. mars 2025, auk þess sem að auglýsing var birt á íslensku í Morgunblaðinu þann 13. mars síðastliðinn og á ensku í Morgunblaðinu þann 16. mars síðastliðinn. Fundarstjóri upplýsti að með auglýsingunum hefði fylgt dagskrá fundarins ásamt heildstæðum texta tillögu útgefanda, sem borin yrði undir atkvæði fundarins.

Fundarstjóri innti fundargesti eftir því hvort einhver gerði athugasemdir við hvernig staðið hefði verið að boðun fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðunina.

Með vísan til framangreinds lýsti fundarstjórinn því yfir að fundurinn væri lögmætur með vísan til 17. gr. Viðauka A við umsýslusamninginn og 6. gr. Viðauka G við sama samning.

Upplýst var að mætt var til fundarins af hálfu 51 skuldabréfaeigenda sem eiga 99% af útistandandi höfuðstólsfjárhæðum skuldabréfa í flokknum og að allir aðilar sem mættir voru hefðu fengið staðfestingu á heimild til að greiða atkvæði á fundinum.

Með hliðsjón af framangreindu gerði fundarstjóri grein fyrir að sá fjöldi skuldabréfaeigenda og hlutfall af útistandandi höfuðstólsfjárhæðum í skuldabréfaflokknum fullnægðu ítrustu kröfum

Viðauka G með umsýslusamningnum, þá sérstaklega skv. gr. 8 í Viðaukanum og skilgreiningum á hugtökunum „Relevant Fraction“ og „Reserved Matter“, til að taka ákvarðanir um tillögu þá sem lægi fyrir fundinum, en þær kröfur mæli fyrir um að mætt sé til fundarins af í það minnsta tveimur atkvæðisbærum aðilum sem fari samtals með í það minnsta þrjá fjórðu hluta af útistandandi höfuðstólsfjárhæð skuldabréfanna í viðkomandi flokki.

Fundarstjóri innti fundargesti eftir því hvort einhver fundargesta gerði athugasemdir við upplýsingar um mætingu til fundarins eða varðandi könnun fundarstjóra á lögmæti hans. Engar athugasemdir voru gerðar og því lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan og bærán til að taka ákvarðanir um þá tillögu sem lægi fyrir fundinum.

Fundarstjóri gerði næst grein fyrir því hverjir ættu rétt til setu á fundinum með vísan til 12. gr. Viðauka G með umsýslusamningnum þar sem væri að finna tæmandi talningu á þeim einstaklingum sem sækja mættu fundinn.

Fundarstjóri upplýsti að fyrir fundinn hefði borist beiðni um að eftirtaldir aðilar fengju heimild til að sækja fundinn:

- Óttar Pálsson og Hjördís Halldórsdóttir, lögmenn og ráðgjafar tiltekinna skuldabréfaeigenda.
- Stefán Þór Bjarnason, Þórir Örn Ingólfsson og Hildur Sveinbjörnsdóttir, starfsfólk Arctica, en þau væru fjárhagslegir eða viðskiptalegir ráðgjafar tiltekinna skuldabréfaeigenda.

Engar athugasemdir voru gerðar við viðveru Óttar og Hjördísar á fundinum eða við tillögu fundarstjóra um að kjósa í einu lagi hvort heimild yrði veitt fyrir viðveru Stefáns, Þóris og Hildar á fundinum. Kosið var um tillöguna með handauppréttingu og var tillagan samþykkt einróma og án athugasemda.

Eftirtaldir kröfuhafar, eða fulltrúar þeirra á grundvelli umboðs, voru viðstaddir fundinn:

Skuldabréfaeigandi	Fundargestur
Séreignardeild Birtu lífeyrissjóðs	Ólafur Sigurðsson
Birta lífeyrissjóður	Ólafur Sigurðsson
Eftirlaunasjóður FÍA	Ólafur Örn Jónsson
Íslenski lífeyrissj-Lífsbraut 4	Ólafur Páll Gunnarsson
Íslenski lífeyrissj.-samtrygging	Ólafur Páll Gunnarsson
Lífeyrissj. Tannlæknafél. - samtrygging	Ólafur Páll Gunnarsson
Lífeyrissjóður Tannlæknafélag Íslands	Ólafur Páll Gunnarsson

Íslenski lífeyrissjóðurinn - Líf 1	Ólafur Páll Gunnarsson
Íslenski lífeyrissjóðurinn - Líf 2	Ólafur Páll Gunnarsson
Íslenski lífeyrissjóðurinn - Líf 3	Ólafur Páll Gunnarsson
LSR A-deild	Harald Gunnar Halldórsson
LSR B-deild	Harald Gunnar Halldórsson
LSR S-deild	Harald Gunnar Halldórsson
Lífeyrisauki	Ólafur Örn Jónsson
Lífeyrisauki 3	Ólafur Örn Jónsson
Lífeyrisauki 4	Ólafur Örn Jónsson
Lífeyrissjóður Rangæinga	Ólafur Örn Jónsson
Lífeyrissjóður bænda	Ólafur Örn Jónsson
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	Ólafur Örn Jónsson
Vörður líftryggingar	Ólafur Örn Jónsson
Vörður tryggingar	Ólafur Örn Jónsson
Lífeyrissjóður Verslunarmanna	Arne Vagn Olsen
Sjóðir VR	Stefán Sveinbjörnsson
Félagssjóður VR	Stefán Sveinbjörnsson
Sjúkrasjóður VR	Stefán Sveinbjörnsson
Gildi - lífeyrissjóður/Framtíðarsýn 1	Sigurður Óli Hákonarson og Gunnar Þór Ásgeirsson
Gildi - lífeyrissjóður/Framtíðarsýn 2	Sigurður Óli Hákonarson og Gunnar Þór Ásgeirsson
Gildi – lífeyrissjóður	Sigurður Óli Hákonarson og Gunnar Þór Ásgeirsson



Almennir lífeyrissjóðurinn	Kristjana Sigurðardóttir
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda - Séreign 1	Sigurbjörn Sigurbjörnsson
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda - Séreign 2	Sigurbjörn Sigurbjörnsson
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda - samtrygging	Sigurbjörn Sigurbjörnsson
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Sigurbjörn Sigurbjörnsson
Brú lífeyrissjóður starfs sveit B-deild	Bárður Þór Sveinsson
Lífeyrissjóður starfsm. Akureyrarbæjar	Jóhann Steinar Jóhannsson
Festa – lífeyrissjóður	Jóhann Línal Jóhannsson
Lífeyrissjóður starfsm. Reykjavíkurborgar	Bárður Þór Sveinsson
Stapi lífeyrissjóður	Jóhann Steinar Jóhannsson
Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitf.	Bárður Þór Sveinsson
Lífverki lífeyrissjóður	Jón Loftur Árnason
Jón Finnbjörnsson	Sjálfur
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	Garðar Jón Bjarnason
Óttar Guðjónsson	Sjálfur
Lífeyrissjóður bankamanna Aldursdeild	Tryggvi Tryggvason
Lífeyrissjóður bankamanna Hlutf.deild	Tryggvi Tryggvason
Snorri Tómasson	Sjálfur
Eignarhaldsfélag Brunabótafél. Íslands	Ólafur Örn Jónsson
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Ólafur Örn Jónsson
Hlutdeild, deild vinnudeilusjóðs	Ólafur Örn Jónsson
VR	Stefán Sveinbjörnsson

Seðlabanki Íslands	Hákon Zimsen
--------------------	--------------

Fundarstjóri gerði grein fyrir dagskrá fundarins, en á henni væri einungis eitt mál:

1. Atkvæðagreiðsla um fyrirbyggjandi tillögu útgefanda.

Að því búnu var gengið til formlegrar dagskrár.

1. Atkvæðagreiðsla um fyrirbyggjandi tillögu útgefanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrir fundinum lægi tillaga útgefanda um að við skilmála skuldabréfanna bættist ný grein til bráðabirgða, grein 7.A um sérstakt uppgjör, en að frumtexti hennar væri á ensku. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að málið krefðist atkvæðagreiðslu. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrirbyggjandi tillaga útgefanda hefði verið birt í heild sinni með boðun til fundarins ásamt dagskrá með tilskildum fyrirvara samkvæmt 6. gr. Viðauka G með umsýslusamningnum. Fundarstjóri upplýsti að honum hefði borist stutt greinargerð útgefanda með tillögunni, sem fundarstjóri las upp. Fundarstjóri varpaði tillögu útgefanda í heild sinni upp á glæru, en innti fundargesti einnig eftir því hvort óskað væri eftir því að fundarstjóri læsi tillögu útgefanda upp í heild sinni. Enginn fundargesta óskaði eftir því.

Fundarstjóri innti fundargesti eftir því hvort einhver vildi taka til máls varðandi tillöguna áður en fundarstjóri fjallaði um tilhögun atkvæðagreiðslu um hana.

Óttar Guðjónsson, eigandi skuldabréfa, tók til máls þar sem hann gerði grein fyrir athugasemdum sínum varðandi tillöguna. Að loknu máli sínu afhenti Óttar fundarritara skriflega bókun sem hljóðar þannig:

„Undirritaður mótmælir lögmæti fyrirbyggjandi tillögu um efndir á skuldabréfum í flokki HFF150434 og afgreiðslu hennar. Verði tillagan afgreidd þá áskilur hann sér allan rétt í því sambandi, m.a. til að láta reyna á lögmæti hennar fyrir dómstólum. Skulu hér tiltekin nokkur atriði, án þess að um tæmandi umfjöllun sé að ræða, en áskilinn réttur til að setja fram önnur og frekari sjónarmið síðar.

- Skilmálar skuldabréfanna heimila ekki að skuldin sé greidd hraðar eða með öðrum hætti en um var samið.
- Tillaga um efndir skuldabréfanna á grundvelli ákvæði í svonefndum „Fiscal Agency Agreement“ (FAA) vegna HFF150434 er ekki heimil og því ólögmæt, m.a. vegna eftirfarandi atriða:
 - Viðkomandi FAA hefur ekki verið birt skuldabréfafjárfestum með tilkynningu í kauphöll.
 - Viðkomandi FAA hefur ekki verið lagt fram með viðeigandi fyrirvara við fundarboðun.
 - Ekki er samræmi á milli skilmála bréfanna og ákvæða í viðkomandi FAA.


 5

- *Fyrirliggjandi tillaga mismunar í kjörum á milli stærri og minni fjárfesta. Slík mismunun er ólögmæt og brýtur t.d. gegn meginreglum fjármunaréttar, reglum kauphallar um skráð skuldabréf, almennum jafnræðisreglum íslensks réttar og eignarréttarákvæði stjórnarskrár.*

Óttar Guðjónsson, eigandi skuldabréfa í HFF150434

Fundarstjóri kannaði hvort aðrir vildu taka til máls. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Fundarstjóri lét þess getið að hann teldi ekki á forræði sínu að svara athugasemdum Óttars efnislega. Hins vegar kvað fundarstjóri rétt að svara athugasemdum að því marki sem þær lytu að framkvæmd fundarins og fyrirhugaðri atkvæðagreiðslu. Fundarstjóri upplýsti að hann teldi að fyrirliggjandi tillaga útgefanda uppfyllti bæði þær form- og efniskröfur sem gerðar væru til tillagna fyrir fundi skuldabréfaeigenda í umsýslusamningnum og viðaukum við hann. Þá lét fundarstjóri þess meðal annars getið að hann teldi fyrirliggjandi tillögu falla undir „Reserved Matter“ samkvæmt skilgreiningu á því hugtaki í Viðauka G við umsýslusamninginn. Tillagan væri því tæk til atkvæðagreiðslu. Í því sambandi áréttaði fundarstjóri einnig að hann teldi að 15. gr. í Viðauka A við umsýslusamninginn, sem Óttar hefði vísað til, hefði ekki að geyma tæmandi talningu á þeim atriðum sem heimilt væri að bera undir kröfuhafa sem „Reserved Matter“.

Næst var gengið til atkvæðagreiðslu. Fundarstjóri gerði grein fyrir reglum um atkvæðagreiðslu og framkvæmd hennar samkvæmt 13. – 15. gr. í Viðauka G við umsýslusamninginn.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að samkvæmt ákvæðum 13. gr. Viðaukans skyldi atkvæðagreiðsla vegna allra tillagna, sem liggja fyrir fundi skuldabréfaeigenda, í fyrstu fara fram með handauppréttingu. Fundarstjóri upplýsti ekki yrði séð að neinar undantekningar væru leyfðar þar á. Samkvæmt 14. grein Viðaukans skyldi skrifleg atkvæðagreiðsla hins vegar fara fram ef fundarstjóri, útgefandi eða skuldabréfaeigendur sem færu með í það minnsta 2% af útistandandi höfuðstólsfjárhæðum óskuðu eftir því, en samkvæmt 13. gr. Viðaukans skyldi slík ósk koma fram áður eða þegar úrslit úr handauppréttingu væru tilkynnt.

Fundarstjóri upplýsti jafnframt að beiðni hefði borist frá útgefanda um skriflega atkvæðagreiðslu og að fundarstjóri hygðist láta skriflega atkvæðagreiðslu fara fram að lokinni atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Engar athugasemdir voru gerðar við framangreint fyrirkomulag.

Fundarstjóri upplýsti að hann teldi að fyrirliggjandi tillaga félli undir skilgreiningu á „Extraordinary Resolution“ í Viðauka G við umsýslusamninginn auk þess sem um væri að ræða „Reserved Matter“ samkvæmt skilgreiningu á því hugtaki í sama Viðauka. Til fundarins væri mætt af tilskildum fjölda skuldabréfaeigenda sem færu auk þess með meira en $\frac{3}{4}$ hluta útistandandi kröfufjárhæðar samkvæmt skuldabréfum í flokknum, sbr. meðal annars 8. gr. í Viðauka G og skilgreiningu Viðaukans á „Relevant Fraction“. Fundarstjóri upplýsti að til þess að fyrirliggjandi tillaga teldist samþykkt samkvæmt framangreindu þyrfti hún að hljóta samþykkti þriggja fjórðu hluta greiddra atkvæða á fundinum.


 6

Atkvæðagreiðsla fór fram um fyrirbyggjandi tillögu útgefanda með handauppréttingu. Niðurstöður hennar voru þær að 13 greiddu atkvæði með tillögunni en 6 á móti tillögunni.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að þá færi fram skrifleg atkvæðagreiðsla um tillögu útgefanda. Engar athugasemdir voru gerðar þar við. Fundarstjóri gerði grein fyrir tilhögun á atkvæðagreiðslunni, þar með talið að þeir fundargestir, sem færu með atkvæði, skyldu fylla inn á atkvæðaseðilinn fjölda þeirra atkvæða sem þeir vildu greiða með og/eða á móti tillögunni.

Skrifleg atkvæðagreiðsla fór fram, en í kjölfar hennar var gert stutt hlé á fundi á meðan atkvæði voru talin.

Fundi var því næst fram haldið og fundarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum skriflegrar atkvæðagreiðslu.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð eftirfarandi:

Með tillögunni voru greidd 1.230.934 atkvæði eða 81,39% greiddra atkvæða.

Á móti tillögunni voru greidd 281.364 atkvæði eða 18,61% greiddra atkvæða.

Fundarstjóri lýsti því yfir að tillaga útgefanda væri þar með samþykkt, enda hefði hún hlotið meira en þrjá fjórðu hluta greiddra atkvæða.

Fundarstjóri gaf fundargestum kost á að taka til máls. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Fundarstjóri þakkaði fundargestum fyrir komuna, þakkaði öðru starfsfólki fundarins fyrir þeirra störf og sleit fundi kl. 16:49.



Viðar Lúðvíksson fundarstjóri



Sigurgeir Valsson fundarritari